

REGLUR

um endurgreiðslu á umtalsverðum útgjöldum sjúkratryggðra vegna læknishjálpar, lyfja og þjálfunar.

1. gr.

Tryggingastofnun ríkisins er heimilt í samræmi við reglur þessar að endurgreiða að hluta útgjöld vegna læknishjálpar, lyfja, sjúkrabjálfunar, iðjubjálfunar og talþjálfunar enda teljist þau umtalsverð miðað við tekjur sjúkratryggðs eða fjölskyldu hans.

2. gr.

Endurgreiðslur samkvæmt reglum þessum taka til eftirfarandi lækni-, lyfja- og þjálf-unarkostnaðar sjúkratryggðs sem stofnast hefur hérlandis:

- Hluta sjúkratryggðs í kostnaði við heimsóknir á heilsugæslustöð eða til heimilislæknis, vitjanir lækna, sérfræðilæknishjálpar, þar með taldar heimsóknir á göngudeild, slysadeild og bráðamóttöku, rannsóknir og röntgengreiningu, sbr. 2.-9. gr. reglugerðar nr. 68/1996 um hlutdeild sjúkratryggðra í kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu, með síðari breytingum.
- Hluta sjúkratryggðs í kostnaði við nauðsynleg lyf, sbr. 3., 4. og 6. gr. reglugerðar nr. 748/1999 um greiðslur almannatrygginga í lyfjakostnaði, með síðari breytingum. Endurgreiðsla almannatrygginga á lyfjum miðast að hámarki við viðmiðunarverð, þar sem það á við, en annars við gildandi smásöluverð, sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 158/1996.
- Lyf vegna barna til 18 ára aldurs, sem afgreidd eru út á lyfseðil.
- Hluta sjúkratryggðs í sjúkrabjálfun, iðjubjálfun og talþjálfun, sbr. reglur tryggingaráðs um greiðslubátttöku sjúkratrygginga TR í þjálfun.

3. gr.

Viðmiðunarmörk vegna endurgreiðslu eru eftirfarandi:

Árstekjur fjölskyldu næsta almanaksár á undan	Grunnkostnaður 3 mánuðir	Pátttaka TR umfram grunnkostnað
undir 1.399.000	0,7% af tekjum	90%
1.400.000-2.199.999	0,7% af tekjum	75%
2.200.000-3.199.999	0,7% af tekjum	60%
3.200.000 og yfir		0

Einstaklingar með sama fjölskyldunúmer skv. skilgreiningu Hagstofu Íslands skulu teljast til fjölskyldu.

Tekjur miðast við árstekjur árið á undan, en heimilt er að víkja frá því ef um verulega lækun tekna er að ræða svo sem vegna alvarlegra veikinda eða atvinnumissis. Fyrir hvert barn í fjölskyldu dragast kr. 200.000 frá árstekjum.

Grunnkostnaður miðast við 3 mánuði í senn. Einstaklingur/fjölskylda greiðir grunnkostnað sem miðast við 0,7% af tekjum en fær endurgreitt hlutfall af útgjöldum umfram grunnkostnaðinn. Endurgreiðsluhlutfallið lækkar með hækkandi tekjum. Þegar árstekjur hafa náð kr. 3.200.000 er ekki lengur um endurgreiðslu að ræða samkvæmt þessum reglum, sbr. þó 3. mgr. ef um börn er að ræða.

Ekki verður greidd út lægri upphæð en kr. 500.

4. gr.

Sjúkratryggður skal sanna útgjöld sín vegna lækni-, lyfja- og þjálfunarkostnaðar með framlögðum kvittunum sem bera með sér nafn útgefanda, tegund þjónustu, fjárhæð og

greiðsludag, ásamt nafni og kennitölu hins sjúkratryggða. Einnig er unnt að sanna útgjöld vegna lyfja með því að framvísa tölvuútskrift frá apótekum.

5. gr.

Við mat á því hvort endurgreiða skuli sjúkratryggðum útgjöld vegna læknishjálpar, lyfja og þjálfunar skal leggja til grundvallar kostnað sjúkratryggðs skv. 2. gr., eða fjölskyldu, að teknu tilliti til vergra heimilistekna.

Áður en endurgreiðslur eru ákvarðaðar er heimilt að draga frá heildarkostnaði uppbót sem viðkomandi elli- eða örorkulífeyrisþegi nýtur vegna lyfja og/eða þjálfunar skv. 10. gr. laga nr. 118/1993 um félagslega aðstoð.

6. gr.

Umsóknum um endurgreiðslu samkvæmt reglum þessum skal skilað til Tryggingastofnunar ríkisins eða umboða hennar. Endurgreiðslur miðast við útgjöld vegna læknishjálpar, lyfja og þjálfunar þrjá mánuði í senn, þ.e. 1. janúar - 31. mars, 1. apríl - 30. júní, 1. júlí - 30. september og 1. október - 31. desember ár hvert.

7. gr.

Reglur þessar, sem settar eru með heimild í 12. gr. laga nr. 118/1993 um félagslega aðstoð, öðlast gildi 1. júlí 2000. Jafnframt falla úr gildi reglur nr. 546/1997.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 15. júní 2000.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Davíð Á. Gunnarsson.

AUGLÝSING

um breytingu á auglýsingu nr. 202, 23. mars 2000, um lista yfir viðurkennd ríki sem heimilt er að flytja inn sjávarafurðir frá.

1. gr.

Á eftir orðinu „Tyrkland“ í 4. gr. auglýsingarinnar kemur: Víetnam.

2. gr.

Ákvörðun þessi er tekin á grundvelli 22. gr. laga nr. 55, 10. júní 1998, um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða og tekur þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 14. júní 2000.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Kristín Haraldsdóttir.